

Mál nr. 259/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. slysátryggingar ökumanns A

Umferðarslys þ. 23.9.2006

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 8.6.2012 ásamt fylgiskjöllum 1-6
2. Bréf V dags. 25.6.2012 ásamt fylgiskjöllum 1-2

Málsatvik.

M ók bifreiðinni A sem var ekið á vinstri akrein vestur Vesturlandsveg og aftan á jeppabifreið skammt vestan við Höfðabakkabru. M krefst bóta úr slysátryggingu ökumanns A og hafnar því að forsenda sé til að fella niður bótarétt að fullu vegna aksturslags M. Af hálfu M er sagt að ljóst sé að M hafi ekið töluvert yfir leyfilegum hámarkshraða en ekki verði á það fallist að bótaréttur M verði felldur niður miðað við það hvernig áreksturinn varð og aðdraganda hans, en M hafi hemlað þegar jeppabifreiðin ók af miðakrein yfir á vinstri akrein í veg fyrir A. V hafnar bótaskyldu og vísar til hraðaútreiknings Magnúsar Þórs Jónssonar professors sem unnin var fyrir lögreglu þar sem líklegasti ökuhraði A sé talinn hafa verið um 178 km/klst þegar M byrjaði að hemla, en 131 km/klst við áreksturinn sjálfan. V heldur því fram að M hafi í umrætt sinn sýnt af sér stórfellt gáleysi við aksturinn þannig að það réttlæti að fella niður bætur til hans að öllu leyti.

Álit.

Ljóst er af þeim gögnum sem fyrir liggja í málinu m.a. vitnisburðum fólks, að M gerðist sekur um stórfellt gáleysi við akstur A í umrætt sinn. Ofsaakstur M leiddi til þess slyss sem hér ræðir um. Miðað við framlögð gögn og aðstæður allar er heimilt að fella niður bætur til M að fullu sbr. 1.mgr. 90 gr. laga um vátryggingasamninga nr. 30/2004

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysátryggingu ökumanns A hjá V.

Reykjavík 2.8. 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.